



## 553. fundur stjórnar SASS

Haldinn að Austurvegi 56, Selfossi

17. janúar 2020, kl. 13:00 – 16:00

Mætt: Eva Björk Harðardóttir, formaður, Helgi Kjartansson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Björk Grétarsdóttir, Ásgerður Kristín Gylfadóttir og Ari Björn Thorarensen. Grétar Ingi Erlendsson boðaði forföll. Þá sitja fundinn Þórður Freyr Sigurðsson, sviðsstjóri Þróunarsviðs og Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fundargerð

Fundargerð 552. fundar undirrituð.

### 2. Sóknaráætlunar Suðurlands 2020 - 2024

a. Marmið, áherslur og leiðir

Megin markmið og starfsmarkmið Sóknaráætlunar kynnt og yfirfarin.

b. Drög að áhersluverkefnum 2020

Uppfærð drög að áhersluverkefnum fyrir árið 2020 kynnt. Þau hafa undanfarið verið í mótun hjá ráðgjöfum sem starfa á vegum SASS og tekið nokkrum breytingum frá síðasta fundi stjórnar. Áfram verður unnið að því að fullmóta verkefnin og kostnaðarmeta. Tillögur að áhersluverkefnum verða teknar fyrir á næsta stjórnarfund.

c. Úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Suðurlands 2020 - 2024

Drög að úthlutunarreglum fyrir Uppbyggingarsjóð Suðurlands kynnt en þær hafa verið lagaðar að breyttu skipulagi og samþykktari stefnumörkun fyrir Sóknaráætlun Suðurlands 2020 - 2024. Úthlutunarreglurnar samþykktar af stjórn.

### 3. Starfsáætlun

Uppfærð starfsáætlun fyrir 2020 kynnt og staðfest af stjórn.

### 4. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundargerðir stjórna annarra landshlutasamtaka



Lagðar fram til kynningar, fundargerð 328. fundar stjórnar Eyþings, 751. fundar stjórnar SSS, 480. fundar stjórnar SSH, 877. fundar stjórnar sambandsins og 57. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins.

b. Kynnisferð til Danmerkur

Formaður kynnti fyrirhugaða kynnisferð sveitarstjórnarmanna af Suðurlandi til Danmerkur. Farið verður út að morgni 9. mars og heimkoma er síðdegis 12. mars n.k.

Stjórn samþykkti að samtökin taki þátt í greiðslu hluta af útlögðum kostnaði þátttakenda á meðan á ferðinni stendur en ekki flugi og gistingu.

c. Kynning á Suðurlandi

Formaður kynnti minnisblað sem framkvæmdastjórar Markaðsstofu Suðurlands og SASS unnu en þar er fjallað um mikilvægi þess að vekja athygli á og kynna vel málefni og standa vörð um hagsmuni Suðurlands í opinberri umræðu.

Tilefni umræðunnar er m.a. nýútkomin skýrsla atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem ber heitið „Efling starfsemi stofnana sjávarútvegs og landbúnaðar á landsbyggðinni fram til ársins 2025.“ Stjórn SASS fagnar frumkvæði sjávarútvegsráðherra um fjölgun starfa á landsbyggðinni fram til 2025 og að hann og forstöðumenn þeirra stofnana sem um er fjallað hafi sett sér mælanleg markmið um fjölgun starfa. Það vekur hins vegar furðu að Suðurlands sé hvergi getið í skýrslunni, það er engu líkara en landshlutinn sé ekki lengur hluti af landsbyggðinni og þar sé því ekki þörf á fjölgun opinberra starfa.

Stjórn samþykkti að kalla eftir skýringum á þessu hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og einnig telur stjórn ástæðu til að fara yfir málið með þingmönnum Suðurkjördæmis.

d. Heimavist við FSu

Formaður kynnti svar starfshópsins við erindi mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna undirbúnings að þarfagreingu fyrir heimavist við FSu.

e. Menntaverðlaun Suðurlands 2019

Stjórn óskar Flúðaskóla innilega til hamingju með nýveitt Menntaverðlaun Suðurlands 2019 og þakkar jafnframt úthlutunarnefndinni fyrir vel unnin stöf.

f. Miðhálandisþjóðgarður

Miðhálandi Íslands er víðfeðmt svæði þar sem fjölbreytt starfsemi fer fram á vegum ólíkra hópa samfélagsins sem eiga það sameiginlegt að þykja vænt um hálandið og náttúru þess. Miðhálandið á sér langa sögu sem tengist auðlindanýtingu og byggð í landinu.

Skipulag og gagnsætt fyrirkomulag um vernd og nýtingu er mikilvægt til að fólk og fyrirtæki geti nýtt sér allt það sem hálandið hefur upp á að bjóða á sjálfbæran hátt, hvort sem það er til verðmætasköpunar, afþreyingar eða lýðheilsu.

Stjórn SASS leggur áherslu á að öll undirbúningsvinna fari fram í samvinnu við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila sem eiga land að miðhálandinu eða annarra hagsmuna að gæta.

Hvað orkunýtingu snertir skuli þess gætt að unnið verði í fullu samræmi við rammaáætlun Alþingis og einnig verði hugað að mikilvægi raforkuflutninga. Mikilvægt er að þjóðgarðurinn skuli byggður upp á samstarfssamningum um innviði og rekstur



Þjóðgarðsins, og að slíkar áætlanir liggi fyrir áður en þjóðgarður verði stofnaður. Þá skal leitast við að rekstur þjóðgarðsins verði eins sjálfbær og unnt er, helst að fullu.

Stjórn SASS minnir á að skipulagsvald liggur hjá sveitarfélögum og mikilvægt að standa vörð um að svo verði áfram.

Á vettvangi SASS hefur verið skipuð verkefnisstjórn 12 sveitarfélaga á Suðurlandi til að vinna svæðisskipulag á Suðurlandinu. Sú verkefnastjórn er skipuð kjörnum fulltrúum sveitarfélaga á Suðurlandi sem eiga land og/eða hagsmuna að gæta.

Stjórn SASS lítur svo á að undirbúningi sé hvergi nærri lokið og eðlilegt sé að í áframhaldandi undirbúningsvinnu verði haft samráð við ofangreinda verkefnisstjórn auk sveitarstjórnir allra sveitarfélaga sem land eiga að fyrirhuguðum Miðhálandisþjóðgarði.

g. Fundur með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Formaður sagði frá fundi sem hún og framkvæmdastjóri áttu með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis en þar var fjallað um þingsályktun um samgönguáætlun til næstu fimm og fimmtán ára. Auk fulltrúa SASS sóttu fundinn fulltrúar frá Sveitarfélaginu Árborg, Hrunamannahreppi, Sveitarfélaginu Ölfusi og Bláskógabyggð en framangreindir aðilar skiluðu allir umsögn til nefndarinnar.

Næsti fundur stjórnar er föstudaginn 7. febrúar nk.

Fundi slitið kl. 15:20.

Eva Björk Harðardóttir  
Arna Ír Gunnarsdóttir  
Björk Grétarsdóttir  
Helgi Kjartansson  
Ásgerður Kristín Gylfadóttir  
Jóna Sigríður Guðmundsdóttir  
Friðrik Sigurbjörnsson  
Ari Björn Thorarensen